

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Þóroddsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 7.634,00 með 5% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 3. febrúar 1983 til greiðsludags, kr. 620,00 v/gerðarbeiðni, kr. 3.255,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Einar Baldvin Stefánsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjáráms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni G-2380, Chevrolet Camaro, árgerð 1976. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólögglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 30.janúar 1985.

Nr. 78/1983. **Hrafn Björnsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Jóhannesi Jenssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Lausafé. Kaup og sala. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. apríl 1983, að

fengnu áfrýjunarleyfi 16. mars 1983 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur svo og meðferð málsins frá og með dómþingi 4. nóvember 1982 og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann í báðum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína um ómerkingu og heimvísun þeim rökum, að hvorki hann né lögmaður hans hafi haft neina vitneskju um þinghald það, sem háð var 4. nóvember 1982, þegar málið var dómtekið í héraði. Hvorugur þeirra hafi komist til þinghalds þess, er haldið var 28. október, þar sem ófært hafi verið með öllu til Ísafjarðar þann dag. Lögmanni áfrýjanda hafi tekist að ná símasambandi við dómara málsins og tilkynnt honum forföll, en ekkert hafi verið rætt um, hvenær málið skyldi taka fyrir að nýju.

Í hinum áfrýjaða dómi greinir frá því, að lögmaður áfrýjanda hafi náð sambandi við dómarrann í þinghaldi 28. október 1982 og hafi dómarrann tilkynnt honum um frestun málsins til 4. nóvember, kl. 15.00. Í þinghaldinu 28. október er bókað í þingbók: „Mættur er í réttinum f.h. stefnanda Arnar G. Hinriksson hdl. og lýsir því yfir að vegna samgöngu- og fjarskiptaörðugleika telji hann eðlilegt að málinu sé frestað um viku. Dómari getur þess að hann hafi nú í þinghaldinu náð sambandi við lögmann stefnda og tilkynnt honum um frestunina. Dómari frestar því málinu til 4. nóv. n.k. kl. 15.00.“

Undir bókun þessa rita lögmaður stefnda og dómari auk tveggja þingvotta.

Samkvæmt framanritaðri bókun dómara í þingbók, sem ekki hefur verið hnekkt, verður að leggja til grundvallar, að lögmanni áfrýjanda hafi verið tilkynnt um væntanlega fyrirtekt málsins hinn 4. nóvember 1982, kl. 15.00. Verður krafa áfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins því ekki tekin til greina.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að telja, að stefnda hafi verið heimilt hinn 14. júní 1982 að rifta kaupsamningi þeim, er aðiljar gerðu 2. apríl 1982. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að áfrýjandi greiði stefnda 35.000,00 krónur með

vöxtum eins og í dóminum greinir, þó þannig, að upphafstími vaxta miðist við 14. júní 1982.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 16.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er, að stefnda, Jóhannesi Jenssyni, hafi verið heimilt að rifta framangreindum kaupsamningi hinn 14. júní 1982.

Áfrýjandi, Hrafn Björnsson, greiði stefnda 35.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 14. júní 1982 til 16. s.m., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 16.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 25. nóvember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. nóv. s.l., höfðaði Jóhannes Jensson, 5082-3741, Eyrargötu 5, Flateyri, gegn Hrafn Björnssyni, 4296-9524, Sólvöllum, Flateyri með stefnu, birtri hinn 16. júní s.l.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að kaupsamningi, dags. 2.4. 1982, milli Flugfisks, Flateyri, sem er einkafyrirtæki stefnda, og stefnanda verði rift með dómi og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 35.000,00 auk dómvaxta af kr. 6.000 frá 26.3. 1982 til 2.4. 1982, af kr. 12.500 frá þeim degi til 5.6. 1982 og af kr. 35.000 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

II.

Málavextir eru þeir, að 2. apríl 1982, gerðu stefnandi og stefndi með sér skriflëgan kaupsamning um, að stefndi seldi stefnanda 1 stk. fiskibát af gerðinni Flugfiskur 2200. Kaupverð, sem var kr. 60.500, átti að greiðast þannig:

Hinn 26. mars 6.000,00 kr.

Hinn 2. apríl 6.500,00 kr.

Eftirstöðvar 48.000 áttu að greiðast með kr. 2.500 á viku, og skyldu greiðslurnar vera vaxtalausar.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að munnlegt samkomulag hafi verið um það, að báturinn skyldi afhentur í umsömdu ásigkomulagi í lok apríl. Stefnanda hafi síðan verið veittur frestur fram í maí til afhendingarinnar.

Stefndi hafi síðan tilkynnt stefnanda með bréfi, dags. 10.6. 1982, að báturinn yrði ekki afhentur að svo stöddu. Stefnanda hafi verið kunnugt um það, að stefnandi hygðist nota bátinn á siglingahátíð á Ísafirði 25.-27. júní 1982. Forsendur kaupanna hafi því verið brostnar. Brostnar forsendur og afhendingardráttur veiti því stefnanda rétt til riftunar. Með bréfi, dags. 14. júní 1982, var stefnda tilkynnt um riftun á kaupsamningnum og jafnframt krafist endurgreiðslu á innborguðu fé samkvæmt kaupsamningnum. Stefnandi byggir kröfu sína á 21. gr. l. 39/1922 um lausafjárkaup og rétt stefnanda til endurgreiðslu og skaðabóta skv. almennum reglum kröfu- og samningaréttarins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekkert hafi verið samið um afhendingartíma bátsins, og mótmælir hann staðhæfingu stefnanda um afhendingartíma og því, að honum hafi verið kunnugt um að nota ætti bátinn á umræddri siglingahátíð. Stefnandi hafi starfað hjá stefnda við að steypa báta úr trefjaplasti. Stefnandi hafi gefið sig út sem sérfræðing við slíka vinnu. Hins vegar hafi vinna hans reynst stórgölluð samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. dómskjal nr. 8, á bátum þeim, er stefnandi hafi séð um að steypa, og eigi stefndi rétt á bótum úr hendi stefnanda vegna þess tjóns, sem hann hafi orðið fyrir af þessum sökum. Stefnandi mótmælir vaxtakröfu stefnanda, bæði upphafstíma og vaxtafæti, sem eigi sé í samræmi við lagavenju né lög nr. 56/1979.

IV.

Mál þetta var þingfest 24. júní 1982 og þá frestað til 2. sept. s.l. til framlagningar greinargerðar af hálfu stefnda. Í því þinghaldi lagði stefndi fram greinargerð sína, máli var síðan frestað óákveðið til frekari gagnaöflunar. Með skeyti 20. okt. 1982 var aðiljum boðað, að málið yrði tekið fyrir 28. okt., kl. 15. Þann dag var ófært til Ísafjarðar og lélegt símasamband við Reykjavík, þar sem lögmaður stefnda býr. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir í því þinghaldi, að hann féllist á frest í málinu til 4. nóv., kl. 15.00, vegna samgönguerfiðleika. Lögmaður stefnda náði símasambandi við

dómarann í því þinghaldi, og var honum tilkynnt um frestunina. Í þinghaldi 4. nóv. var ekki mætt af hálfu stefnda og málið því dómtekið að kröfu stefnanda.

V.

Álit dómsins.

Ekki er ágreiningur um það í máli þessu, að stefnandi hafi greitt stefnda kr. 35.000,00 vegna kaupa á umræddum fiskibát. Ósannað er, hvenær afhenda skyldi stefnanda bátinn skv. kaupsamningi þeim, er stefndi og stefnandi undirskrifuðu 2. apríl 1982. Með bréfi, dags. 10. júní 1982, tilkynnti stefndi hins vegar, að bátur sá, er stefnandi ætti í pöntun hjá stefnda skv. áðurnefndum samningi, yrði ekki afhentur né lokið við hann. Stefndi greinir þá ástæðu fyrir synjun á afhendingu, að vinna stefnanda við steypun á bátnum hjá stefnda hafi reynst stórgölluð samkvæmt áður tilvitnuðu bréfi Siglingamálstofnunar ríkisins og því afhendist báturinn ekki fyrr en mál þeirra séu útkljáð. Verður við það að miða í máli þessu, eins og það liggur hér fyrir, að með þessari synjun stefnda um afhendingu bátsins hafi komið til þær forsendur, sem heimili stefnanda að rifta kaupin við stefnda, þar sem stefndi hefur eigi sýnt fram á, að honum hafi verið heimilt að synja um afhendingu bátsins. Verður því krafa stefnanda um, að dæmt verði, að kaupsamningi aðiljanna sé rift, tekin til greina. Ber því að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda allt það fé, sem stefnandi hefur greitt stefnda skv. kaupsamningi þeirra frá 2. apríl 1982.

Upphafsdag vaxta ber að miða við það hvenær stefndi gat hagnýtt sér fé stefnanda, sem verður að teljast fra þeim tíma, er hann tók við greiðslum vegna umrædds kaupsamnings.

Samkvæmt 1. gr. 1. nr. 56/1979 er heimilt að dæma dómvexti frá birtingartíma stefndu, og verður við það að miða í máli þessu, en hæstu innlánsvextir dæmast af innborguðu fé fram að þeim tíma. Miðað við þessi málsúrslit ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málflutningslaun, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 6.000,00.

Guðmundur Sigurjónsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Kaupum á fiskibát af gerðinni Flugfiskur 2200 samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 2. apríl 1982, milli stefnanda, Jóhannesar Jensenar, og stefnda, Hrafns Björnssonar, er riftað. Stefndi greiði stefnanda kr. 35.000 með 37% ársvöxtum af kr. 6.000 frá 26. mars 1982 til 2. apríl 1982, en af kr. 12.500 til 5. júní 1982, en af kr. 35.000

frá þeim degi til 16. júní 1982, en með dómvöxtum af 35.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 6.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. janúar 1985.

Nr. 222/1982. **Guðmundur Ragnarsson**

(Jón G. Briem hrl.)

gegn

**Húsfélagunum Mávabraut 3, 5, 7, 9 og 11
í Keflavík**

(Garðar Garðarsson hrl.)

Verksamningur. Skaðabætur. Fjárnám. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1982 skv. heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. s.m.

Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða honum 31.243,38 krónur auk 4,5% dráttarvaxta frá 1. okt. 1979 til 1. júní 1980, en 4,75% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda sömu fjárhæð, en með 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember s.á, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara er krafist greiðslu á lægri fjárhæð að mati dómsins auk vaxta. Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum í gagnsök í héraði og að fellt verði úr gildi fjárnám, er gert var í húseign hans að Norðurgarði 1, Keflavík, hinn 7. september 1982, á grundvelli hins áfrýjaða dóms. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti.